

Tillaga að ályktun jöfnun kostnað vegna flokkunar og förgunar úrgangs

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið í Bolungarvík 6. og 7. október 2023 beinir því til stjórnvalda að jafna kostnað sem dreifbýl sveitarfélög sem eru langt frá móttökustöð verða fyrir.

Fulltrúar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps

Greinargerð

Með breytingum á lögum vegna meðhöndlunar úrgangs er sveitarfélögum skylt að innheimta gjald sem næst raunkostnaði við þjónustu um meðhöndlun úrgangs. Við gildistöku þessa ákvæðis kom skýrt fram að sveitarfélög sem eru bæði dreifbýl og langt frá móttökustöð standa höllum fæti þegar kemur að kostnaði af meðhöndlun úrgangs og aðstöðumunur sveitarfélaga sláandi. Gjöld á íbúa í Vesturbyggð árið 2023 vegna meðhöndlunar úrgangs er með því hæsta sem gerist á landinu og langtum hærri en það sem þekkist á höfuðborgarsvæðinu, en dugir þó ekki til fyrir rekstri þjónustunnar.